



Þing ASÍ-UNG 2022, haldið í Reykjavík 16. september 2022

Til aðildarfélaga ASÍ – UNG

Reykjavík, 9. september 2022

### **Tillögur stjórnar ASÍ-UNG um breytingar á samþykktum félagsins**

Stjórn ASÍ-UNG hefur lagt fram tillögur að breytingum á samþykktum félagsins:

#### **Breyting á 2. gr. samþykktta:**

Núgildandi grein er svohjóðandi:

Hlutverk ASÍ-UNG er:

Að efla, samræma og styðja starf ungs launafólks innan aðildarfélaga ASÍ. Að tryggja að sjónarmið ungs launafólks komi fram í stefnumótun og ákvarðanatöku aðildarfélaga ASÍ.

Að standa vörð um hagsmuni ungs launafólks gagnvart stjórnvöldum og öðrum samtökum. Að fræða ungt launafólk um réttindi og skyldur á vinnumarkaði og starfsemi stéttarfélaga. Að standa fyrir öflugri félagslegri fræðslu fyrir ungt launafólk innan Alþýðusambands Íslands.

Framkvæmdir í þessu skyni annast þing ASÍ – UNG, stjórn ASÍ-UNG og ungt launafólk innan aðildarfélaga ASÍ.

#### **Tillaga að breytingu á 2. gr. samþykktta:**

~~Að efla, samræma og styðja starf ungs launafólks innan aðildarfélaga ASÍ. Að tryggja að sjónarmið ungs launafólks komi fram í stefnumótun og ákvarðanatöku aðildarfélaga ASÍ.~~

Hlutverk ASÍ-UNG er: Að vera til staðar sem samstarfsvettvangur, álitsgjafi og umsagnaraðili um öll mál sem tengjast ungu fólki innan verkalýðshreyfingarinnar.

~~Að standa vörð um hagsmuni ungs launafólks gagnvart stjórnvöldum og öðrum samtökum. Að fræða ungt launafólk um réttindi og skyldur á vinnumarkaði og starfsemi stéttarfélaga. Að standa fyrir öflugri félagslegri fræðslu fyrir ungt launafólk innan Alþýðusambands Íslands.~~

ASÍ-UNG fræðir og hvetur ungt fólk til þátttöku og áhrifa innan verkalýðshreyfingarinnar með því að styðja við fræðslu og skapa vettvang fyrir ungt fólk til að kynna og vinna saman innbyrðis, þvert á félög.

Framkvæmdir í þessu skyni annast þing ASÍ-UNG, formaður og stjórn ASÍ-UNG og ungt launafólk innan aðildarfélaga ASÍ.

#### **Breyting á 4. gr. samþykkt:**

Núgildandi grein er svohljóðandi:

Þing Ungs launafólks skal halda árlega, fyrir lok septembermánaðar og ákveður stjórn ASÍ-UNG þingstað og þingtíma. Aðildarfélög ASÍ hafa rétt til að senda einn fulltrúa hvert með full réttindi á þing ASÍ-UNG.

Aðildarfélögum er heimilt að senda einn aukafulltrúa á þingið.

Aukafulltrúar eru með tillögu og málfrelsisrétt en ekki atkvæðarétt.

#### **Tillaga að breytingu á 4. gr. samþykkt:**

Þing Ungs launafólks skal halda árlega, fyrir lok ~~septembermánaðar~~ nóvembermánaðar og ákveður stjórn ASÍ-UNG þingstað og þingtíma. ~~Aðildarfélög ASÍ hafa rétt til að senda einn fulltrúa hvert með full réttindi á þing ASÍ-UNG.~~

~~Aðildarfélögum er heimilt að senda einn aukafulltrúa á þingið.~~

~~Aukafulltrúar eru með tillögu og málfrelsisrétt en ekki atkvæðarétt.~~

Aðildarfélög ASÍ hafa rétt til að senda ákveðinn fjölda fulltrúa í hlutfalli við fjölda fullgildra félagsmanna á þing ASÍ-UNG með full réttindi, eftir svohljóðandi reiknireglu:

< 5000 félagsmenn = 1 fulltrúi

5000 - 10.000 félagsmenn = 2 fulltrúar

10.001 - 20.000 félagsmenn = 3 fulltrúar

20.001 - 40.000 félagsmenn = 4 fulltrúar

> 40.000 = 5 fulltrúar

Félög sem eiga aðeins rétt á einum fulltrúa hafa rétt á að senda aukafulltrúa með tillögu- og málfrelsisrétt en ekki atkvæðisrétt.

#### **Greinargerð stjórnar ASÍ-UNG lögð fram með breytingartillögu vegna 4. gr. samþykkt:**

**Greinargerð:** Núverandi fyrirkomulag þar sem stjórn ASÍ-UNG eru settar skorður um að halda þing ASÍ-UNG fyrir lok septembermánaðar er til þess fallið að gera þátttöku ASÍ-UNG á þingi ASÍ ómarkvissa. Erfitt getur verið fyrir nýkjörna stjórn, sem hefur jafnvel aldrei náð að funda, að vera samstiltur hópur með samrýnda mynd af því hvaða málefnum ASÍ-UNG ætlar að berjast fyrir á þingi ASÍ. Það fer betur á því að stjórn ASÍ-UNG, sem hefur starfað í nokkurn tíma og hefur náð að stilla saman strengi um baráttumál ungs fólks fari fram á þingi ASÍ og beri mál ASÍ-UNG áfram.

**Greinargerð seinni hluti:** Greinargerð seinni hluti: Núverandi fyrirkomulag þings ASÍ-UNG þar sem aðeins er einn fulltrúi frá hverju félagi skítur skökku við. Ein manneskja getur ekki, á fullnægjandi hátt, svarað fyrir hagsmuni fjölbreyttra hópa í stórum félögum. Með breytingu á fulltrúafjölda gefum við fleiri röddum tækifæri á að heyrast og stærri félögum færi á að senda fleiri fulltrúa. Taka þarf tillit til og leggja ríka áherslu á að raddir allra heyrist með tilliti til landshluta, kyns, starfsgreina o.þ.h. Eðli málsins samkvæmt er það ill framkvæmanlegt þegar aðeins einn fulltrúi kemur frá hverju félagi.

## **Afleiddar breytingar sem hljóttast af framangreindum tillögum að breytingum á 4. gr. samþykktá:**

### **Breyting á 4. mgr. 9. gr. samþykktá:**

Núgildandi málsgrein er svohljóðandi:

Fulltrúar aðildarfélaga fara með atkvæðisrétt í samræmi við þann úthlutaða fjölda fulltrúa aðildarfélaga á næsta sambandsþingi ASÍ sem aðildarfélag hefði hlotið sé miðað við félagsmenn á aldrinum 16-35 ára.

### **Tillaga að breytingu á 4. mgr. 9. gr. samþykktá:**

~~Fulltrúar aðildarfélaga fara með atkvæðisrétt í samræmi við þann úthlutaða fjölda fulltrúa aðildarfélaga á næsta sambandsþingi ASÍ sem aðildarfélag hefði hlotið sé miðað við félagsmenn á aldrinum 16-35 ára.~~

Atkvæðisréttur fulltrúa aðildarfélaga skiptist að jöfnum hlutföllum miðað við höfðatölu þeirra sem mættir eru á þingið.

### **Breyting á 4. mgr. 10. gr. samþykktá:**

Núgildandi málsgrein er svohljóðandi:

Aðildarfélögin hafa ekki rétt til að senda fulltrúa til þings ASÍ-UNG umfram það sem að framan greinir. Atkvæðisréttur fulltrúa sem ekki eru tilnefndir, eða mæta ekki til þingsins, fellur niður.

Tillaga að breytingu á 4. mgr. 10. gr. samþykktá:

Aðildarfélögin hafa ekki rétt til að senda fulltrúa til þings ASÍ-UNG umfram það sem að framan greinir. ~~Atkvæðisréttur fulltrúa sem ekki eru tilnefndir, eða mæta ekki til þingsins, fellur niður.~~ Atkvæðisréttur þess fulltrúa sem forfallast flyst til varamanns þess aðildarfélags. Mæti hvorki fulltrúi eða varamaður til þingsins, fellur atkvæðaréttur þess fulltrúa niður.

### **Breyting á 11. mgr. 15. gr. samþykktá:**

Núgildandi málsgrein er svohljóðandi:

Fulltrúar aðildarfélaga fara með atkvæðisrétt í samræmi við þann úthlutaða fjölda fulltrúa aðildarfélaga á næsta sambandsþingi ASÍ sem aðildarfélag hefði hlotið sé miðað við félagsmenn á aldrinum 16-35 ára.

### **Tillaga að breytingu á 11. mgr. 15. gr. samþykktá:**

~~Fulltrúar aðildarfélaga fara með atkvæðisrétt í samræmi við þann úthlutaða fjölda fulltrúa aðildarfélaga á næsta sambandsþingi ASÍ sem aðildarfélag hefði hlotið sé miðað við félagsmenn á aldrinum 16-35 ára.~~

Atkvæðisréttur fulltrúa aðildarfélaga skiptist að jöfnum hlutföllum miðað við höfðatölu þeirra sem mættir eru á þingið.

Félagsskveðja,

---

F.h. Alþýðusambands Íslands